

Ed.

### 237. Nefndarálit

um frumvarp til laga um laun háskólakennara.

Frumvarp þetta er nátengt frumvarpi til laga um stofnun háskóla, er nefndin hefir nýlega skilað deildinni álit um.

Launafrumvarpið fer aðallega fram á tvennar breytingar frá því, sem nú er: fjölgun kennara og breytingu á launakjörum þeirra.

Kennarafjölgunin stafar einkum af því, að bæta á nýrri deild við þær 3 sem fyrir eru, og eiga 3 kennarar að vera í henni, 2 prófessorar og 1 dósent.

Annars er aðeins bætt við 2 föstum kennurum, sínum í hvorri deild, lagadeild og læknadeild, en í notum þess, er 1 föstum kennara fækkað í guðfræðisdeildinni, eða réttara sagt, kennari með eftirlaunarétti er gerður að dósent. En sá er munur á prófessorum og dósentum, að prófessorar eru skipaðir af konungi og hafa eftirlaunarétt, en dósentar eru skipaðir af ráðherra og hafa eigi eftirlann.

Launabreytingin er aðallega fólgin í jöfnun embættislaunanna og hækkandi launum með hækkandi embættisaldri.

Nú hafa forstöðumenn embætta skólanna 4000 kr. árslaun, en dósentarnir 2800 og 2400 kr.

Forstöðumanna embættin leggjast niður samkvæmt háskólafrumvarpinu, en í stað þeirra og dósentanna, sem nú eru, koma prófessorar og dósentar.

Frumvarpið ætlar prófessorunum 3200 byrjunarlaun og dósentunum 2400 kr. óbreytileg laun.

Nefndinni þykja dósentalaunin of lág, meðal annars af því, að þeim embættum fylgir ekki eftirlaunaréttur, og leggur nefndin til, að þau sé hækkuð um 400 kr. á mann. Dósentarnir eru 2, og nemur sú hækkun þannig 800 kr. á ári upp úr því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Hins vegar þykist nefndin eftir atvikum geta lagt það til, að byrjunarlaun prófessoranna verði lækkuð um 200 kr. á mann, sérstaklega vegna þess, að þeim eru ætluð hækkandi laun með hækkandi embættisaldri. Frumvarpið gjörir ráð fyrir 9 prófessorum og ynnust þannig 1800 kr. á ári við þá lækkun, eða 1000 kr. nettó, þegar launabót dósentanna er dregin frá.

Nefndin er þannig samþykk stjórninni í öllum aðalatriðum og ræður háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið, þó með nokkrum breytingum, auk þeirra, sem nú voru nefndar.

1. gr. virðist óþörf, þar sem er 7. gr. háskólafrumvarpsins.

Og samkvæmt orðalagi síðarnefndrar greinar, verður hér að breyta orðinu: »aðstoðarkennarar« (nir) í: aukakennarar (nir).

Loks er í samræmi við tillögu nefndarinnar um háskólafrumvarpið lagt til, að launafrumvarpið öðlist gildi þegar háskólinn tekur til starfa, og jafnframt haldið sama skilorði um aukapróf í lögum fyrir kandiðata frá Kaupmannahafnarháskóla í þeirri grein.

Þessu samkvæmt ræður nefndin til eftirfarandi breytinga á frumvarpinu:

1, 1. gr. falli burtu.

2, við 2. gr.: »Aðstoðarkennarar« á tveim stöðum verði: aukakennararnir, og »aðstoðarkennararnir« verði: aukakennararnir.

3, — 3. gr.: »3200 kr.« verði: 3000 kr. og »2400 kr.« verði 2800 kr.

4, — 4. gr.: Í stað »17. júní 1911« komi: þegar háskólinn tekur til starfa.

5, — — — Eftir orðin: »lög nr. 38 frá sama degi« komi: þó að áskildu nánara ákveðnu aukaprófi fyrir menn, sem taka próf í lögum við Kaupmannahafnarháskóla eftir 1. október 1911.

6, — — — Eftir orðin »Loks eru« komi: þá.

Fyrir breytingartillögum þessum og frumvarpinu að öðru leyti verður gerð nánari grein í framsögunni, eftir því sem ástæður renna til.

Efri deild alþingis 15. marz 1911.

Stefán Stefánsson  
formaður

Sigurður Hjörleifsson

Lárus H. Bjarnason  
skrifari og framsögum.

Ari Jónsson

Jens Pálsson.